

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi svæðis A á flugþjónustusvæði á Keflavíkurlflugvelli.

Samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytis þann 15. desember 2006 samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi svæðis A á flugþjónustusvæði á Keflavíkurlflugvelli, sem síðast var breytt 2. nóvember 2006.

#### *Breytingarnar eru eftirfarandi:*

Gert er ráð fyrir nýrri aðrein að lóðum fyrir hótél og skrifstofubyggingar. Kvöð um umferð gangandi hefur verið lagfærð og sett á fleiri lóðir, og er einnig sýnt til skýringar hvernig fyrirhuguð er tenging við gönguleiðir við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Smávægileg breyting er gerð á byggingarreitum á lóðum A2 og B2 og byggingarreit fyrir hótél á lóð B1 er breytt og honum hnikað til. Lóð B1 er stækkuð lítillega á kostnað A2. Skilgreind er ný lóð E7 fyrir bensinstöð, og lóð E4 minnkuð sem henni nemur. Byggingarreitum og fyrirkomulagi bílastæða á lóðum E4 og D1 er breytt, byggingarheimildir rýmkaðar og slakað á kröfu um lágmarksfjölda bílastæða miðað við byggingarmagn. Deiliskipulagsuppdrættinum fylgir skilmálahefti: Keflavíkurlflugvöllur, flugstöðvarsvæði - svæði A, deiliskipulagsbreyting, greinargerð, júní 2001. Smávægilegar breytingar hafa verið gerðar á því til samræmis við ofangreindar breytingar.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir deiliskipulagið sbr. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og gerir ekki athugasemd við að tilkynning um samþykkt hans verði birt í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulagsuppdrátturinn ásamt greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytis og öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 8. janúar 2007.*

F. h. r.

**Jón Egill Egilsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 17. janúar 2007